



TIL STARFS OG STÓRRA SIGRA **saga verkalýðsfélagsins Einingar-Iðju í 100 ár**

Formáli **forseta Íslands** **Guðna Th. Jóhannessonar**

Um nýliðin áramót gat að líta ýmsar tilkynningar og fréttir á heimasíðu Einingar-Iðju. Þannig mátti sjá að félagsmenn geta sótt um orlofsíbúðir á Spáni og orlofshús hér innanlands, leitað á náðir sjúkrasjóðs og jafnframt nýtt sér ýmsa fræðslusjóði. Einnig eru upplýsingar á síðunni um starfslið og stjórn, svæðisfulltrúa, trúnaðarmenn, nefndir og ráð – fjölda fólks. Er þá aðeins fátt eitt talið sem vitnar um margþætt starf öflugs félags.

Verkalýðshreyfingin í höfuðstað Norðurlands og nærsveitum hefur svo sannarlega vaxið og dafnað síðan forsprakkarnir tóku höndum saman – sigghörðum höndum – og fundu sinn samtakamátt. Tæpast gat verkafólk, sem uppi var á fyrstu áratugum síðustu aldar, látið sig dreyma um orlofsíbúðir eða sjóði til styrktar og starfsmennta. Vel er til fundið að segja þessa framfarasögu á prenti, í veglegu riti sem rekur rás viðburða frá upphafsdögum til nýrrar aldar og greinir frá átökum og sigrum, einingu og misklið, forkólfum jafnt sem óbreyttu félagsfólki.

Í frásögnum af fortíðinni reiðum við okkur á leifar hins liðna. Einkum getum við stuðst við skriflegar heimildir og ljósmyndir geta sagt mikla sögu eins og greina má á síðum þessa rits. Þá koma viðtöl við söguhetjur að gagni og úr þessum þráðum öllum fléttar skrásetjari svo reipið sem tengir saman nútíma og fortíð. Í þessu riti er vísað í aragrúa heimilda, mörgum steinum velt við í leit að skjölum og þau þefuð uppi á hinum og þessum söfnum. Þessi elja höfundar og ritstjórnar er þakkarverð.

Samt sem áður tekst okkur aldrei að fanga til fulls liðna tíð. Seinni tíma frásagnir verða aðeins leiftur þess sem er horfið og kemur aldrei aftur. Og saga er ætíð sögð af einhverju tilefni, til skemmtunar eða dægrastyttingar, fróðleiks eða viðvörunar. Þetta gildir ekki síst um sögu verkalýðshreyfinga. Sagt hefur verið að í Svíþjóð hafi sagnaritarar lengi skrifað einingarsögu stéttarféлага,

stjórnmalaflokka og vaxandi velferðarsamfélags í jákvæðu ljósi. Eflaust hefur sama verið uppi á teningnum annars staðar á Norðurlöndum. Hér á Íslandi hefur það ákall einnig heyrst að í verkum um verkalýðshreyfinguna sé skrifað með velþóknun um hana og þá sigra sem unnist hafa undir hennar gunnfánun. Þá fylgir kannski sú hugsun að fullkomin hlutlægni sé hvort eð er ómöguleg. Satt er að við sjáum söguna ætíð frá okkar eigin sjónarhóli. Þótt ekki verði deilt um beinhardar staðreyndir metur fólk á marga vegu sama viðburð, sömu þróun. Vafi getur meira að segja leikið á því sem ætti að vera tvímælalaust. Þannig má finna á síðum ritsins þann fróðleik að heimildum ber ekki saman um það hvaða ár fyrsta verkalýðsfélagið var stofnað á Akureyri. Þegar málum er svo komið að við vitum ekki með fullri vissu upphafið þá segir það sig sjálf að margt annað getur verið málum blandið.

Engu að síður má afstæðishyggjan aldrei verða slík að allt megi draga í efa undir því yfirskyni að sjónarhorn skipti sköpum. Um sumt þarf einfaldlega ekki að deila, til dæmis þetta: Fólk hefur ætíð þurft að sækja í hendur valdhafa og vinnuveitenda sanngjarnar kjarabætur og aukin réttindi. Um það er sagan ólygnust og af henni má draga mikinn lærdóm. Því er bæði fagnaðarefni og nauðsyn að atburðum liðinnar tíðar sé haldið til haga. Framtíðin er svo óskrifað blað, í okkar höndum.